

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir
framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1979, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1979:

Fiskmjöl, § 6.31 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við F. O. B. og gerist upp á viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi er breytanlegur á tímabilinu ef hráefnisverði verður sagt upp og því breytt.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júlí 1979.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.

Nr. 327.

12. júní 1979.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði frysts
humars á humarvertíð 1979.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1979:

6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9 kr.	3 737.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	3 588.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	3 289.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	2 990.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	2 691.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
24—30 —	2 392.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

B 5×5 lbs. í skel garndreginn.

7— 9 kr.	3 289.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	3 139.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	2 940.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	2 541.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	2 242.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

6×5 lbs. og 5×6 lbs. í skel með görn.

7—12 kr.	2 412.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	2 109.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—30 —	1 721.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
30—45 —	1 345.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
45—60 —	1 056.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
60 og			
yfir —	754.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

5×3 kg. í skel með görn.

45—60 kr. 1 056.00 pr. lb. Cif. Milano.

6×5 lbs. í skel með görn.

7— 9 kr.	3 365.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
9—12 —	3 229.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
12—15 —	2 960.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
15—18 —	2 691.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.
18—24 —	2 422.00	pr. lb.	Cif. U. S. A.

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu.

I. KAFLI.**Takmörk hafnarinnar.****1. gr.**

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögotá í stefnu á Búðartanga að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látrar-soppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI.**Stjórn hafnarinnar og rekstur.****2. gr.**

Hreppsnefnd Breiðuvíkurbrepps hefur á hendi stjórn og rekstur hafnarinnar undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnamál.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd.

Hafnarnefnd skal skipuð 3 fulltrúum og 2 varafulltrúum, sem kosnir eru af hreppsnefnd. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann og skiptir með sér verkum.

Kjörtímabil hafnarnefndar er 4 ár.